



## Starfsreglur leikskóla Norðurþings

Leikskólar Norðurþings starfa samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008, aðalnámskrá leikskóla, reglugerð um starfsemi leikskóla og reglugerð um starfsumhverfi leikskóla. 655/2009. Einnig starfar hver leikskóli samkvæmt skólastefnu Norðurþings og eigin skólanámskrá. Starfræktur er einn leikskóli og ein leikskóladeild í sveitarfélaginu.

### Grænuvellir

Átta deilda leikskóli á Húsavík.

Heimasíða: [www.graenuvellir.karellen.is](http://www.graenuvellir.karellen.is)

Leikskólastjóri: Sigriður Valdís Sæbjörnsdóttir - [siggavaldis@graenuvellir.is](mailto:siggavaldis@graenuvellir.is)

Sími: 464 6160

### Lundarkot - Leikskóladeild Öxarfjarðarskóla

Samrekin leik- og grunnskóli í Lundí í Öxarfirði.

Vefsíða: [www.oxarfjardarskoli.nordurthing.is](http://www.oxarfjardarskoli.nordurthing.is)

Skólastjóri: Hrund Ásgeirsdóttir [hrund@oxarfjardarskoli.is](mailto:hrund@oxarfjardarskoli.is)

Deildarstjóri leikskóladeildar Öxarfjarðarskóla í Lundí: Arna Ósk Arnbjörnsdóttir.

Sími: 465 2344

### Umsókn og innritun

Sótt er um leikskólanám á Grænuvöllum á vefsíðu leikskólans undir upplýsingar. Staðfesting umsóknar birtist neðst á skjánum þegar umsókn hefur verið send rafrænt.

Umsóknir um leikskólanám í leikskóladeild Öxarfjarðarskóla skulu berast skólastjóra. Foreldrar/forráðamenn fá tölvupóst með staðfestingu á að umsókn hafi verið móttækin. Sækja má um leikskólanám frá skráningu kennitölu barns. Hægt er að sækja um leikskóla þótt lögheimili sé í öðru sveitarfélagi en til að fá inngöngu þarf lögheimili að vera í Norðurþingi. Úthlutun er háð því að foreldri/forráðamaður sé ekki í vanskilum með vistunar- eða fæðisgjöld hjá Norðurþingi. Tekið er á móti umsóknum allt árið en umsóknir sem berast fyrir 1. apríl hafa forgang á vistun fyrir skólaárið á eftir.

Börn eru innrituð í leikskólann eftir aldri þannig að eldri börn ganga fyrir þeim yngri. Börn eru skráð á biðlista frá eins árs aldri og raðast þau á biðlistann eftir fæðingardegi og ári. Leikskólanám er að jafnaði í boði fyrir börn sem náð hafa eins árs aldri í ágúst og svo aftur í janúar árið eftir. Yfirleitt fer aðlögun eins árs barna aðeins fram á einni deild í einu til að tryggja sem minnst álag á börnin. Fjöldi og tímasetningar aðlagana yngstu barna koma fram á skóladagatali hvers árs. Ekki er unnt að tryggja öllum börnum leikskólanám við eins árs aldur. Sé vistun

hafnað af hálfu leikskólans býðst barninu vistun í næstu aðlögun svo fremi sem leikskólinn ekki full setinn.

Þegar aðstæður leyfa eru yngstu börnin aðlöguð í leikskólann þrisvar til fjórum sinnum á ári. Miðað er við að foreldrar/forráðamenn fái boð um vistun með a.m.k. sex vikna fyrirvara sem þeir þurfa að staðfesta innan tíu daga. Berist ekki staðfesting er litið svo á að boði um vistun sé hafnað. Þegar barn hefur fengið inngöngu í leikskólann er bréf sent í tölvupósti með upplýsingum um hvenær leikskólagangan hefst og hvernig aðlögun verði hagað. Þegar skrifleg staðfesting á leikskólanámi hefur borist frá leikskólastjóra telst plássinu úthlutað þó eldri börn kunni að koma á biðlista áður en leikskólanám hefst.

## Forgangshópar

Starfsfólk leikskóla Norðurþings og læknar sem eiga lögheimili í Norðurþingi njóta forgangs um vistun barna sinna.

Læknar og/eða sérfræðingar félagsþjónustu geta óskað eftir forgangi vegna barna þar sem fyrir liggja vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila um staðfest frávík eða greiningarferli viðkomandi barns.

## Uppsagnarfrestur og breytingar á dvalarsamningi

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á leikskólasamningi er einn mánuður og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Óskir um breytingar þurfa að berast fyrir 20. hvers mánaðar og ef hægt er að verða við þeim taka þær gildi fyrsta virka dag næsta mánaðar.

Óski foreldrar/forráðamenn eftir breytingu á leikskólasamningi eða segja honum upp er það gert á eftirfarandi hátt:

- Grænuvellir: Með tölvupósti til leikskólastjóra.
- Leikskóladeild Öxarfjarðarskóla: Með tölvupósti til skólastjóra

Ef ekki er hægt að ráða nægan fjölda starfsfólks til að leikskóli sé fullmannaður getur leikskólastjóri skert vistunartíma. Byrjað er að skerða vistunartíma yngstu barnanna í þeim tilfellum. Ákvörðun um skerðingu á vistunartíma þarf skólastjóri að tilkynna fyrir 10. hvers mánaðar og tekur hún gildi fyrsta virka dag næsta mánaðar.

## Leikskólagjöld

Leikskólagjöld eru greidd fyrir fram, gjalddagi miðast við fyrsta virka dag hvers mánaðar. Dvalargjald skal greitt samkvæmt leikskólasamningi hvers barns. Eindagi er 20 dögum eftir gjalddaga og reiknast dráttarvextir frá gjalddaga. Greitt er fyrir 11 mánuði á ári. Foreldrar greiða dvalar- og fæðisgjöld samkvæmt gjaldskrá sem að ákveðin er af sveitarstjórn. Gjald fyrir hverja klukkustund á milli kl. 8 og 14 er um 45% lægra en gjald fyrir hverja klukkustund á milli 14 og 16. Norðurþing greiðir stærstan hluta kostnaðar við rekstur leikskólans. Breytingar á gjaldskrá eru kynntar foreldrum með tilkynningu frá leikskólanum, jafnframt er uppfærð gjaldskrá birt á vefsíðu leikskólans og á vefsíðu sveitarfélagsins.

Ef til þriggja mánaða vanskila kemur er foreldrum leiðbeint með að semja um greiðslu gjalda, annars er leikskólastjóra skylt að segja upp leikskólasamningi.

## Afsláttur

Foreldrar barna sem er undir þeim viðmiðunartekjum sem sveitarfélagið ákveður hverju sinni geta sótt um tekjutengdan afslátt af vistunargjöldum á vefsíðu sveitarfélagsins. Tekjur miðast alla jafna við niðurstöðu síðasta skattframtals. Verði foreldrar fyrir skyndilegum tekjumissi og tekjur þeirra fara undir viðmiðunarmörk í þrjá mánuði eða lengur vegna atvinnumissis, óvinnufærni vegna slyss eða veikinda eða andláts maka geta þeir sótt sérstaklega um tekjutengdan afslátt vegna tekjumissis. Slíkar umsóknir skulu berast fræðslufulltrúa Norðurbings ásamt gögnum sem staðfesta skyndilegan tekjumissi. Fræðslufulltrúi metur og afgreiðir slíkar umsóknir ásamt fjármálastjóra. Upplýsingar um tekjuviðmið er að finna í gjaldskrá leikskóla á vefsíðum sveitarfélagsins og leikskólanna. Umsóknir um tekjutengdan afslátt þurfa að berast fyrir 20. hvers mánaðar til þess að taka gildi um næstu mánaðarmót á eftir. Afslættir eru ekki veittir afturvirkir. Endurnýja þarf umsókn um afslátt ár hvert.

Systkinaafsláttur er auk þess gefinn samkvæmt gjaldskrá leikskóla Norðurbings:

- Með öðru barni 50%
- Með þriðja barni 100%

Systkinaafsláttur er einnig veittur systkinum sem eru annars vegar í Frístund og hins vegar í leikskóla. Starfsfólk leikskóla Norðurbings í 100% starfi fær 75% afslátt af leikskólagjöldum og starfsfólk í 80-99% starfi fær 50% afslátt af leikskólagjöldum. Starfsfólk fær afsláttinn af vistunargjöldum barna sinna í leikskólanum og auk þess hefðbundinn systkinaafslátt. Fáir starfsfólk tekjutengdan afslátt fellur starfsmannafsláttur niður.

Ekki er veittur afsláttur af fæðisgjöldum en hægt er að fá fæðiskostnað felldan niður ef sótt hefur verið um leyfi fyrir nemanda í samfelld 4 vikur eða lengur. Geti nemandi ekki sótt leikskóla vegna veikinda samfelld 4 vikur eða lengur er hægt að óska eftir niðurfellingu fæðis og vistunargjalda gegn framvísun læknavottorðs.

Foreldrum ber að tilkynna leikskólastjóra um breytingu á högum sínum s.s. breytt heimilisfang, símanúmer og hjúskaparstöðu.

## Opnunartími, skipulagsdagar og sérskráningardagar

Leikskólinn Grænuvellir er opin frá 8.00 – 16.00 en Lundarkot, leikskóladeild Öxarfjarðarskóla frá kl. 7.45-16.00. Börn geta dvalið á leikskóla í fjórar til átta klukkustundir að hámarki á dag. Hámarksvistunartími 12-18 mánaða gamalla barna er sex tímar á dag frá 8.00 - 14.00.

Leikskólasamningar eru aðeins miðaðir við heila tímamann og greitt er samkvæmt því. Hver leikskóli veitir foreldrum ákveðið svigrúm fyrir og eftir umsáminn dvalartíma til að koma með barn í leikskólann og sækja það. Ætlast er til að foreldri og barn hafi yfirgefið leikskólann innan þess svigrúms sem hver leikskóli veitir eftir að umsömdum vistunartíma lýkur. Séu börn sótt seinna án þess að gild skýring liggja fyrir skal viðkomandi greiða 4.000 kr. fyrir hvert skipti.

- Leikskólastjóri sér alfarið um að skipuleggja skipulags- og námskeiðsdaga Grænuvalla. Dagar þessir eru á skóladagatali leikskólans og auglýstir með mánaðar fyrirvara. Reynt er að samræma þessa daga við grunnskóla eins og kostur er.
- Skólastjóri/ deildarstjóri sér um að skipuleggja skipulags- og námskeiðsdaga leikskóladeildar Öxarfjarðarskóla. Dagar þessir eru á skóladagatali Öxarfjarðarskóla. Starfsdagar þessir eru að hluta til samræmdir við starfsdaga grunnskólans.

Dagarnir í kring um jól og áramót, dagar í Dymbilvíku, starfsdagar grunnskóla og mögulega einstaka aðrir dagar sem valdir eru við gerð skóladagatals eru sérskráningardagar. Skrá þarf vistun sérstaklega fyrir 20. hvers mánaðar vegna sérskráningardaga í mánuðinum á eftir. Greitt er sérstakt gjald vegna vistunar á þessum dögum sem gefið er upp í gjaldskrá leikskóla. Leikskólarnir eru lokaðir á aðfangadag og gamlársgang. Leikskólagjöld lækka ekki vegna lokana á skipulags- og starfsdögum leikskóla og á aðfangadag og gamlársgang. Barn í leikskóla skal taka að lágmarki fjögurra vikna samfelld sumarleyfi ár hvert. Frekari upplýsingar um opnunartíma er að finna í skóladagatölum á vefsíðum skólanna.

## Sérfræðipjónusta

Í leikskólum Norðurlands er boðið uppá þjónustu sérfræðinga vegna sérþarfa. Félags- og skólapijónusta Norðurlands annast sérfræðipjónustu og stuðning við leikskólana. Hlutverk sérfræðinga er að annast ráðgjöf og stuðning við nemendur, starfsfólk og foreldra. Þyki ástæða til að kalla eftir þjónustu sérfræðinga fyrir barn er leitað eftir skriflegu samþykki foreldra. Einnig er, að fengnu samþykki foreldra, haft samráð við sérfræðinga á Heilbrigðisstofnun Norðurlands varðandi ungbarnaeftirlit.

## Þagnarskylda

Allt starfsfólk leikskóla Norðurlands er bundið þagnarskyldu og helst þagnarskylda þó látið sé af störfum. Tilkynningaskylda til barnaverndar gengur framur ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu starfsstétta samkvæmt 17. gr. Barnaverndarlaga nr. 80/2002.

## Meðferð ágreiningsmála

Komi upp ágreiningur um framkvæmd þessara reglna er hægt að vísa málinu til fræðslufulltrúa sem fer með málefni leikskólans. Náist ekki samkomulag ber að vísa málum til Fjölskylduráðs Norðurlands. Ákvarðanir sveitarfélagsins um réttindi einstakra barna eru kærnanlegar til menntamálaráðherra samkvæmt 10. kafla laga um leikskóla nr. 90/2008.

Reglur endurskoðaðar og uppfærðar á 214. fundi fjölskylduráðs Norðurlands 1. apríl 2025.

Samþykkt í Sveitarstjórn Norðurlands þann 3. apríl 2025.

